

L Ö G

um

29
14. júní**breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „14. maí“ í 5. gr. laganna kemur: 20. apríl.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 11. gr., svo látandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nákvæm fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, sérstaklega um kostnað við kynbæturnar og valdsvið kynbótanefnda.

Í reglugerð má ákveða, að brot gegn henni varði sektum, frá 50—500 kr., sem renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.